

3. Fundur
Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2017
haldinn í utanríkisráðuneytinu föstudaginn 5. maí 2017 kl. 13:00

Fundargerð

Mættir:

Valgerður Sverrisdóttir – formaður
Nicole Leigh Mosty – Björt framtíð
Silja Dögg Gunnarsdóttir – Framsóknarflokkur
Birgitta Jónsdóttir – Píratar
Guðjón Brjánsson – Samfylkingin
Vilhjálmur Bjarnason – Sjálfstæðisflokkur
Steinunn Þóra Árnadóttir – Vinstrihreyfingin - grænt framboð
Atli Viðar Thorstensen – Rauði Krossinn á Íslandi
Ragnar Schram – SOS Barnaþorp
Ragnar Gunnarsson – Kristniboðssambandið
Bjarni Gíslason – Hjálparstarf kirkjunnar
Erna Reynisdóttir – Barnaheill
Geir Gunnlaugsson – Háskóli Íslands
Tumi Tómasson – Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna
Maríanna Traustadóttir – Alþýðusamband Íslands
Ólafur Garðar Halldórsson – Samtök atvinnulífsins

Fundinn sátu að auki fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Guðlaugur Þór Þórðarson (utanríkisráðherra), María Erla Marelsdóttir, Þórarinna Söebech, Þórdís Sigurðardóttir og Davíð Bjarnason.

Jón Steindór Valdimarsson (Viðreisn), Inga Dóra Pétursdóttir (UN Women) og Anna Elísabet Ólafsdóttir (Háskólinn á Bifröst) boðuðu forföll.

Nicole Leigh Mosty og Guðjón Brjánsson viku af fundi kl. 14:20, Silja Dögg Gunnarsdóttir vék af fundi kl. 15:00 og Vilhjálmur Bjarnason vék af fundi kl. 15:25.

Nefndarritarar:

Ágúst Már Ágústsson
Hildigunnur Engilbertsdóttir

6. fundur þróunarsamvinnunefndar

1. Fundur settur

Formaður bauð nefndina velkomna til sjötta fundar hennar. Drögum að dagskrá fundarins hafði verið dreift fyrir fundinn og voru þau samþykkt án athugasemda.

2. Davíð Bjarnason, teymisstjóri úttekta, kynnir úttektir og jarðhitasamstarf

Kynntar voru áherslur utanríkisráðuneytisins í úttektum tengdum alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands og greint frá því að yfirstandandi væri óháð úttekt á starfi þróunarsamvinnuskrifstofu sem tengdist

jafnréttismálum í þróunarsamvinnu. Einnig var greint frá því að utanríkisráðuneytið muni á þessu ári láta framkvæma úttekt á verkefnum Rauða krossins á Íslandi og Hjálparstarfs kirkjunnar sem ráðuneytið hefur styrkt, sem og að yfirstandandi væri úttekt á starfi skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Fulltrúar nefndarinnar fögnuðu því að úttektarmenning innan ráðuneytisins væri að styrkjast og sögðu jákvætt og lærdómsríkt að geta upplýst um árangur og vankanta verkefna.

Taldi nefndin skynsamlegt að nýta niðurstöður úttekta til að auka sýnileika alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og vekja athygli á málaflokknum.

Kynnt var jarðhitasamstarf í Sigdalnum í Austur Afríku, sem staðið hefur síðan árið 2013 í samstarfi við Norræna þróunarsjóðinn. Verkefnið snýr að því að aðstoða stjórnvöld á svæðinu við að stíga fyrstu skref í jarðhitaleit og byggja upp getu í málaflokknum, m.a. í gegnum samstarf við Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Verkefninu lýkur árið 2017 en Ísland mun áfram hafa aðkomu að jarðhitasamstarfi í Austur Afríku í gegnum Alþjóðabankann. Þegar gengið hefur verið úr skugga um að jarðorka sé fyrir hendi á svæðinu verði ráðist í rannsókn á félags- og umhverfislegum áhrifum nýtingu hennar. Þar sé sérstaklega litið til mismunandi áhrifa nýtingarinnar á einstaklinga eftir kyni.

Fulltrúar nefndarinnar vöktu athygli á mikilvægi þess að nýting á jarðvarma væri í þágu haghafa og að hafa skyldi umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Siðferðisleg skylda einkaaðila væri í þessu tilliti rík og mikilvægt væri að nefndin fengi færi á að ræða almennt pólitíkina í kringum þróunarsamvinnu innan jarðhitageirans og markmið hennar.

3. María Erla Marelsdóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu, fer aftur yfir helstu niðurstöður DAC rýninnar

Greint var frá því að rýniskýrsla þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) yrði kynnt opinberlega á Íslandi 19. júní næstkomandi. Rýnin sé með þeim jákvæðari sem DAC-ríki hafi fengið. Í henni komi m.a. fram að ef nást eigi að fjármagna Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sé nauðsynlegt að fjármagn frá einkageiranum komi til viðbótar þróunarsamvinnu.

Nefndin óskar þess að geta rætt rýniskýrsluna frekar.

4. Utanríkisráðherra fundar með nefndinni

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fundar þróunarsamvinnunefnd að lágmarki tvisvar á ári með ráðherra. Þátttaka ráðherra á sjötta fundi nefndarinnar var fyrsti fundur nefndarinnar með ráðherra árið 2017.

Utanríkisráðherra fundaði með nefndinni um framtíð utanríkisþjónustunnar og alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og sagði ánægjulegt að finna fyrir metnaði og áhuga nefndarinnar á störfum sínum. Ráðherra greindi frá því að frestast hefði að leggja fram nýja þróunarsamvinnustefnu vegna heildstæðs mats á störfum og hagsmunagæslu utanríkisþjónustunnar sem nú færi fram. Skipaður hafi verið stýrihópur um utanríkisþjónustu til framtíðar sem á að skila tillögum í haust. Hópurinn sé að funda með ólíkum aðilum og leggi áherslu á að heyra tillögur sem flestra. Bent á að nefndin gæti fundað með stýrihópnum ef hún hefur áhuga á því. Nefndin taldi mikilvægt að horfa til DAC-rýninnar í þessu samhengi, sem og að fagþekking á þróunarsamvinnu héldist innan ráðuneytisins í kjölfar þess að verkefni ÞSSÍ runnu inn í utanríkisráðuneytið. Greint var frá því að þróunarsamvinnuskrifstofa hafi verið eflað umtalsvert á síðustu mánuðum, m.a. með nýráðnum sérfræðingum sem byggju yfir sérþekkingu, auk þess sem áætlun um mannauðsmál skrifstofunnar sem lýtur m.a. að endurmenntun og þjálfun væri fyrir hendi. Kom fram að ráðherra hefði áhuga á því að efla forvarnarstarf með ungmennum á vettvangi

Þróunarlanda á grunni mikillar reynslu og þekkingar á Ísland á því sviði, t.d. undir hatti háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Ráðherra sagði að efla mætti þekkingu á sviði á þróunarsamvinnu á Íslandi. Einnig væri aðkoma atvinnulífsins nauðsynleg til þess að hægt væri að fjármagna Heimsmarkmiðin. Jafnframt mætti þekking atvinnulífsins á þróunarsamvinnu og utanríkisþjónustunni almennt vera meiri, þróunarsamvinna væri ekki eyland heldur samstarf margra aðila.

Stærsta vandamál samtímans væru málefni flóttamanna og mikilvægt væri að aðstoða þau lönd sem verst væru sett í þessu samhengi. Áhersla væri á framlög tengd flóttamönnum en horfa þyrfti til fleiri þátta en mannúðaraðstoðar í þessu samhengi. Í samræmi við reglur þróunarsamvinnunefndar OECD væri kostnaður við móttöku flóttamanna og hælisleitenda á Íslandi talið fram sem framlög til þróunarsamvinnu til viðbótar við framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands. Innan OECD væri unnið að því að skilgreina hvernig þessi framlög skuli talin fram og mun Ísland fylgja niðurstöðum stofnunarinnar.

Nefndarmenn spurðu um framlög til þróunarsamvinnu og áætlun um hækkun á framlögum. Einnig kom fram að nefndin mun í haust fjalla um og veita umsögn við drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2017 – 2021.

Nefndin óskaði eftir að funda með stýrihópnum um utanríkisþjónustu til framtíðar til þess að geta komið á framfæri tillögum.

5. Önnur mál

Greint var frá því að þróunarsamvinnunefnd væri komin með sérstaka vefgátt á innra neti utanríkisráðuneytisins þar sem öll gögn er viðkoma starfi nefndarinnar, vinnugögn og fundargerðir er að finna. Hafi nefndarfulltrúar ekki hlotið aðgang að gáttinni skuli þeir beina fyrirspurnum þar að lútandi til nefndarritara.

Nefndin ákveður að ekki beri að rita bréf til ráðherra þar sem helstu málefni og umræður funda nefndarinnar séu tekin saman. Eru fundargerðir nefndarinnar álitnar fullnægjandi til upplýsingar um störf nefndarinnar.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:45